

Pakkinn inniheldur eftirfarandi hluti: Victor Reader Stratus⁴, hlíf yfir leitartakkana til að gera spilarann einfaldari í notkun, (hægt er að taka hlífina af ef nota á leitina), spennubreyti, plastpoka með pappírum og geisladisk með leiðbeiningum á ensku.

Í fyrsta skipti sem þú notar Victor Reader Stratus ættirðu að setja hann í samband við rafmagn. Til að tengjast rafmagni, skaltu stinga spennubreytinum sem fylgir, í samband við rafmagnstengil og stungunni á hinum endanum í straumtengið á spilaranum. Það er staðsett nærrri hægri endanum á bakhlið (efstu hlið) spilarans (18).

Straum takkinn (12) lýsir með rauðu eða grænu ljósi. Takkinn mun blikka rauðu ljósi þegar slökkt er á spilaranum og hann tengdur við rafmagn. Blikkið sýnir að rafhlaðan er að hlaðast. Þegar rafhlaðan er fullhlaðin, hættir ljósið að blikka og lýsir stöðugt.

Athugið að hægt er að nota spilarann þó að rafhlaðan sé að hlaðast.


Þú getur spilað og gert hlé á lestri með því einfaldlega að ýta á **Spila/Stoppa** takkann (14) sem er staðsettur neðst fyrir miðju á spilaranum (appelsínugulur að lit), milli **Hraðspóla til baka** (13) og **Hraðspóla áfram** (15) takkanna (gráir takkar).

Efst fyrir miðju á spilaranum eru þrjú pör af upp og niður tökkum. Talið frá vinstri til hægri eru þetta, **Tónstilli** (1) (grár) **Hljóðstyrkur** (2) (appelsínugulur) og **Hraði** (3) (grár).

Fyrir neðan tónstillið, hljóðstyrk- og hraðatakkana, nokkurn veginn fyrir miðju spilarans, finnurðu leitartakkana sem benda **UPP** (4), **NIÐUR** (5), **VINSTRI** (6) og **HÆGRI** (7). Þeir gera þér kleift að fara í gengum formið á bókinni. Í miðjunni á þessum leitartökkum er **Upplýsinga** takkinn (8). Hann tilkynnir hvar þú ert staðsettur í lestrinum og almennar upplýsingar um bókina og spilarann, t.d. lengd bókar og stöðu hleðslu á rafhlöðunni.

Vinstra megin við leitartakkana, nokkurn veginn fyrir miðju, eru þrír takkar í viðbót í lóðréttí línu. Efsti takkinn er **Bókahillu** takkinn (9) (grár). Þú getur notað **Bókahillu** takkann með örvatökkunum til að fara á milli bóka sem þú gætir hafa skipulagt í mismunandi bókahillum. Fyrir neðan **Bókahillu** takkann er **Bókamerkis** takkinn (10) (grár). Hann er notaður til að setja inn bókamerki til að vista staðsetningu á mikilvægum síðum eða greinum til að skoða síðar. Til að vista bókamerki þarf að halda **Bókamerkis** takkanum (10) inni í 3 sekúndur. Til að velja bókamerki er ýtt einu sinni á **Bókamerkis** takkann (10), valið á milli bókamerkjja með **HÆGRI** (7) og **VINSTRI** (6) og staðfest með **Spila/Stoppa** (14). Til að eyða öllum bókamerkjum í núverandi bók er ýtt tvísvær á **Bókamerkis** takkann (10) og **Spila/Stoppa** (14) til að staðfesta. Allar bækur eru með bókamerki í byrjun og enda bókar og eftir að bók klárast er t.d. hægt að komast aftur á byrjun með því að ýta fyrst á **Bókamerkis** takkann (10), svo á **VINSTRI** (6) og síðan á **Spila/Stoppa** (14). Þriðji og neðsti takkinn er **Smella út** takkinn (11) (appelsínugulur). Hann er notaður til að smella út geisladiskum úr geisladiskadrifinu.

Hægra megin við leitartakkana fjóra er **Straum** takkinn (12). Hann er aðeins dýpri til að ekki sé ýtt óvart á hann. **Straum** takkinn er notaður til að kveikja og slökkva á Stratus spilaranum.



Leiðbeiningar

Fyrir neðan leitartakkana fjóra eru 4 takkar. Þrír af þeim eru í röð við kantinn á spilaranum. Þetta eru, talið frá vinstri til hægri, **Hraðspóla til baka** (13), **Spila/Stoppa** (14) og **Hraðspóla áfram** (15) takkarnir (allir appelsínugulir). Að síðustu, fyrir ofan **Spila/Stoppa** takkann er **Hvíldar** takkinn (16). Hann er í laginu eins og hálfmáni og er með appelsínugult ljós vinstra megin við hann. Þú getur ýttu á hann nokkrum sinnum til að stilla á mismunandi tíma sem Stratus á að slökkva sjálfvirkt á sér.

Á hægri hlið spilarans, nálægt miðju, er **heyrnartækja tengið** (17), sem er einnig hægt að nota fyrir auka hátalara. Á efstu hliðinni (bakhlíðinni), aðeins til hægri við miðjuna, finnurðu straumtengið (18). Það er notað til að tengja spilarann við rafmagn.

Fremst á spilaranum er geisladiskadrifið, þar sem geisladiskarnir eru settir inn (19).

Setja geisladisk í og spila hljóðbók

Kveiku á Stratus með því að ýta á og halda niðri **Straum** takkanum. Þú heyrir bíb og Velkomin skilaboð. Settu geisladiskinn í drifið, sem er staðsett fremst á spilaranum. Ýttu geisladiskinum varlega inn. Drifið mun taka diskinn og keyra hann inn. Eftir nokkrar sekúndur mun Stratus tilkynna titilinn á bókinni og byrja að spila.

ATHUGIÐ. Ef þú setur geisladiskinn óvart öfugan í, mun hann koma sjálfkrafa út eftir 15 sekúndur án skaða.

Þú getur stillt tóninn, hljóðstyrkinn og hraðann með því að ýta á takkana upp eða niður. Tóntillið, hljóðstyrk- og hraða takkarnir eru staðsettir efst fyrir miðju spilarans.

Til að spóla áfram eða til baka á miklum hraða í bókinni, skaltu ýta á og halda niðri **Hraðspóla til baka** eða **Hraðspóla áfram** tökkunum þangað til þú er kominn á réttan stað, og sleppa þá tökkunum. Eðlilegur spilunarhraði heldur áfram.

Til að setja lestur í bið, einfaldlega ýttu á **Spila/Stoppa** takkann. Til að halda áfram þar sem þú stoppaðir, ýtirðu aftur á **Spila/Stoppa** takkann. Athugið að ef spilarinn er ekki tengdur við rafmagn og ef hann stendur í bið í meira en 30 mínútur, mun hann slökkva á sér til að spara rafhlöðuna.

Til að hætta að lesa, einfaldlega slökktu á spilaranum með því að ýta á og halda niðri **Straum** takkanum þangað til hann tilkynnir að hann sé að slökkva á sér. Stratus spilarinn mun muna hvar þú hættir lestrinum og byrja aftur á sama stað þegar þú vilt halda lestrinum áfram.

Til að byrja lestur aftur í sömu bókinni, skaltu kveikja á Stratus með því að ýta á og halda niðri **Straum** takkanum. Eftir nokkrar sekúndur muntu heyra titil bókarinnar, bíb hljóð og lesturinn mun halda áfram þar sem þú hættir síðast.

Til að byrja aftur fremst í bókinni þarf að ýta á **Bókahillu** takkann (10) og síðan á **VINSTRI** takkann (6).

Til að smella út geisladiski einfaldlega ýttu á **Smella út** takkann. Stratus mun tilkynna **Smellir út** og eftir nokkrar sekúndur mun hann ýta diskinum varlega út úr drifinu.

Takka tilkynningahamur

Þegar enginn geisladiskur er í drifinu, mun Stratus sjálfkrafa fara í **Takka tilkynningar ham**. Ef ýtt er á takka í þessum ham, mun spilarinn lýsa því hvað hver takki gerir, sem er nyttsamlegt þegar verið er að læra á spilarann. Ef geisladiskur er í drifinu, geturðu einnig komist í þennan *ham* með því að ýta á **Straum** takkann, þegar hlífin er ekki á. Ýttu aftur á **Straum** takkann til að hætta í **Takka tilkynningar ham**. Ath. að stillingin festist þegar hlífin er sett á.